

Annar fundur Delta deildar starfsárið 2014-2015 var haldinn 4. desember í safnaðarheimili Reykholtskirkju og hófst hann kl. 18.00.

Theodóra setti fundinn og Dagný kveikti á ketunum þremur að því loknu gerði Theodóra nafnakall og bar kveðjur frá konum. Fundargerð síðasta fundar var lesin af Thodóru þar sem hún ritaði hana í fjarveru Sjafnar.

Theodóra lagði til að syngja að þessu sinni Bráðum koma blessuð jólin þar sem þau voru á næsta leiti.

Orð til umhugsunar flutti Ingibjörg Adda Konráðsdóttir, hún sagðist hafa verið að velta fyrir sér sem fjöggra barna amma hve flókið foreldrahlutverkið er í dag. Fólk vinnur langan vinnudag og er þreytt, foreldra gefa sér ekki tíma eða hafa hann ekki til að ala upp barnið. Þjóðfélagið er farið að kenna foreldum að nota verkfæri sem hjálpar þeim að takast á við foreldrahlutverkið sem er bara jákvætt..

Því næst Kynnti Sjöfn hugmyndafræði sem er verið að innleiða í leik –og grunnskóla Borgarbyggðar en hún byggir á fræðum Steven Coven The Leader in me um venjurnar sjö.

Að því loknu gengu komur inn í Finnstofu og snæddu dýrindis eggjaböku og salat sem Dagný hafði matreitt. Þórunn Reykdal bauð konum upp á verlaunaeftirrétt sem hún kalla Rabbabara Skoffínur en hún vann fyrsta sætið á Rabbabara hátíðinni í Reykholti. Undir borðhaldi var happadrættið og að þessu sinni fekk Jenna vinninginn. Að fundi loknum fóru sumar konur á jólatónleika Tónlistarfélags Borgarfjarðar í Reykholtskirkju að þessu sinni var það Elísabet Waage sópran, Björg Þórhalldóttir Sópran og Hilmar Örn Agnarson orgelnisti sem fluttu okkur hugljúfa tóna inn í desember nóttina.

Fundargerð ritaði Sjöfn Guðlaug Vilhjálmdóttir